



Fuglavernd

Hverfisgötu 105, 2.h. ♦ 101 Reykjavík ♦ (+354)562 0477 ♦ fuglavernd@fuglavernd.is

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. febrúar 2015

Endurupptaka á úrskurði um Vestfjarðaveg

Stjórn Fuglaverndar telur breytingar þær sem Vegagerðin leggur til vera svo óverulegar að allar fyrri ákvarðanir umhverfisráðherra og tveggja dómsstiga skulu standa, sem og þær athugasemdir sem fram hafa komið um vegalagningu þessa.

Stjórn Fuglaverndar mótmælir leiðum B1 og Þ-H, sem liggja um Þorskafjörð að vestan, skera Djúpafjörð og Gufufjörð. Endurnýjun gamla vegarins eða jarðgöng undir Hjallaháls eru mun betri valkostir fyrir umhverfið og löglegir að auk þess Öllum útgáfum af leið B hefur verið hafnað á tveimur dómsstigum, bæði í héraðsdómi Reykjavíkur og í Hæstarétti.

Leiðir B1 og Þ-H eru skýlaust brot á lögum um vernd Breiðafjarðar, 54/1995, sbr. verndaráætlun fyrir Breiðafjörð, samþykkt af umhverfisráðherra 10. október 2001. Jafnframt brot á Ramsar-sáttmálanum um vernd votlendis. Leirur og sjávarfitjar njóta auk þess sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 44/1999. Óvenju frjósamt arnarvarp er í hættu. Leiðirnar eru því ólöglegar og dæmast þar með úr leik. Einnig má benda á Náttúruminjaskrá, skrá um Alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði, Válista fugla, Norrænan lista um mikilvæg strandsvæði og stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun. Umræddar framkvæmdir eru á skjön við allar þessar skrár og stefnumarkningar. Hér væri því verið að fórna meiri hagsmunum fyrir minni.

Við spyrjum að lokum: er Vegagerðin að hæðast að almenningi, héraðsdómi og Hæstarétti?

Virðingafyllst
Stjórn Fuglaverndarfélag Íslands